

FJÖLSMIÐJAN

Á SUÐURNESJUM



ÁRSSKÝRSLA 2021

VIRKNI – VIRÐING - VON

Inngangur

Stofnað var til Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum ses á stofnfundi í Reykjanesbæ 7. september 2010. Stofnaðilar voru Rauði kross Íslands, Reykjanesbær, Vinnumálastofnun, Suðurnesjadeild Rauða krossins, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélag Suðurnesja og Félag iðn- og tæknigreina. Í þessari skýrslu er gert grein fyrir rekstri sjálfseignastofnunarinnar á árinu 2021.

Markmið og tilgangur

Markmið Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru skilgreind í skipulagsskrá hennar en þar kemur eftirfarandi fram:

Markmið Fjölsmiðjunnar er að:

- *Hjálpa ungu fólki á aldrinum 16-24 ára að finna sitt áhugasvið, öðlast starfsreynslu og þar með auka möguleika þess í atvinnulífinu eða í námi.*
- *Gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun. Fagleg verkþjálfun skal vera ríkur þáttur í starfseminni og tengjast hinni hagnýtu vinnu og auka félagshæfni og vinnufærni ungs fólks.*
- *Efla sjálfstraust hjá ungu fólki til að það sé betur í stakk búið að takast á við margbreytileg verkefni lífsins.*
- *Auka lífsgæði ungs fólks.*
- *Þátttaka í Fjölsmiðjunni verði hvatning að frekara námi.*
- *Þátttakendur læri reglur vinnumarkaðarins, hvaða réttindi þeim ber og hvaða skyldur þeir bera.*

Stjórn, framkvæmdaráð og starfsmenn

Í stjórn Fjölsmiðjunnar frá ársfundi 2021 voru

- Hera Ósk Einarsdóttir, formaður
- Fanney Grétarsdóttir, meðstjórnandi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, meðstjórnandi
- Guðrún Björg Sigurðardóttir, meðstjórnandi
- Hildur Jakobína Gísladóttir, meðstjórnandi
- Kristján Ásmundsson, meðstjórnandi
- Bjarney Rós Guðmundsdóttir, varamaður
- Guðlaug M. Pálsdóttir, varamaður
- Guðlaug Sigurðardóttir, varamaður
- María Rós Skúladóttir, varamaður
- Ólafur S. Magnússon, varamaður
- Unnur Sverrisdóttir, varamaður

Stjórn skipar framkvæmdaráð sem starfar með forstöðumanni og fundar á milli funda stjórnar. Guðrún Björg Sigurðardóttir, Hera Ósk Einarsdóttir og Hildur Jakobína Gísladóttir skipuðu framkvæmdaráð Fjölsmiðjunnar.

Í lok árs 2021 voru starfsmenn Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eftirtaldir:

- Þorvarður Guðmundsson, forstöðumaður í 100% starfi
- Sigurgeir G. Tómasson, verkstjóri í 100% starfi
- Carter Don Medico, verkstjóri í 100% starfi
- Júlíus S. Júlíusson, verkstjóri í 100% starfi
- Laura Alves, verkstjóri í 100% starfi (*ráðin í gegnum Hefjum störf hjá VMST*)

Regluleg starfsemi

Á árinu var enn frekar unnið að því að gera Kompuna nútímalegri og glæsilegri enda er hún rómuð sem afar snyrtilegur nytjamarkaður með vörur á góðu verði. Daglegar færslur á samfélagsmiðlana Facebook og Instagram hafa stækkað viðskiptamannahópinn enn frekar og netsala jókst á árinu einkanlega vegna sóttvarnatakmarkana. Fólk af höfuðborgarsvæðinu sækir í meiri mæli í Kompuna og þá sérstaklega þegar opið er til klukkan 18:00 á fimmtudögum. Kompan er enn burðarás í rekstri og starfsþjálfun Fjölsmiðjunnar.

Fjölsmiðjan á nú tvo sendibíla þar sem henni var gefinn sendibíll af millistærð sem einnig tekur 8 farþega. Þar sem starfsemin hefur aukist er full þörf á slíkum sendibíl til viðbótar við þann sem fyrir var. Búslóðaflutningar og verkefni tengd því að tæma íbúðir fyrir sveitarfélögin hafa aukist auk þess sem viðskiptavinir nýta sér þá þjónustu að láta sækja til sín húsgögn og stærri muni. Á síðasta ári voru all farnar 1582 sendingar á sendibílunum.

Reiðhjólaverkstæði Fjölsmiðjunnar gekk vel og var nóg að gera að vori og um sumarið. Einnig var góð sala í notuðum reiðhjólum. Þetta verkefni hentar mjög nemum Fjölsmiðjunnar sem margir hafa hæfni og jafnvel kunnáttu á þessu sviði.

Sumarið 2021 sinntu nemandi og verkstjórar Fjölsmiðjunnar slætti á starfsvæði Kólku og var gerður góður rómur að þeirri vinnu enda góð tilbreyting frá hefðbundnum störfum. Vonandi verður framhald á þessu verkefni.


Að auki sjá nemarnir um öll þrif, tiltektir, matseld og fleira sem til fellur ásamt verkstjórum.



Nemar

Á árinu 2021 voru 31 nemi við störf í Fjölsmiðjunni. Kynjaskiptingin var 9 stelpur og 22 strákar. Að auki voru tveir nemar skráðir í Fjölsmiðjuna en voru við störf á öðrum vettvangi eins og á leikskóla og var það að beiðni félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélaga.

Afdrif nema voru með eftirfarandi hætti:



Eins og sjá má á þessu grafi þá útskrifuðust 10 nemar til vinnu á almennum vinnumarkaði. Það er sannarlega gleðiefni þar sem enginn nemi fór til vinnu á árinu 2020. Það er alltaf svo að úrræði í Fjölsmiðjunni hentar ekki einhverjum. Margt getur komið þar til en reynslan hefur sýnt að sum þessara nema koma aftur síðar þegar þau eru betur stödd í lífinu. Þeir sem fara í annað úrræði fara t.d. á örorku eða endurhæfingarlífeyri.

Skipting nema

Skipting nema milli samstarfsaðila var þannig að 19 komu frá Reykjanesbæ, 9 komu frá Suðurnesjabæ, 2 komu frá Vinnumálastofnun og 2 komu úr Vogunum.

Nám og námskeið

Níu nemar stunduðu nám meðfram starfi í Fjölsmiðjunni á árinu. Þetta er stefna sem hefur mótast og er góð reynsla af og samræmist mjög vel markmiðum Fjölsmiðjunnar. Gott samstarf er við menntastofnanir á svæðinu og hefur nemum Fjölsmiðjunnar að jafnaði gengið vel í námi. Tveir nemar útskrifuðust úr Menntastofnun hjá MSS og tveir útskrifuðust með stúdentspróf frá FS. Þá lauk einn nemi Skrifstofuskóla 1 hjá MSS. Óvenju margir nemar stunduðu ökunám og fengu þau mörg hver aðstoðu og aðstoð við bóklega námið á vinnutíma með aðstoð forstöðumanns.

Viðburðir utan hefðbundinna starfa

Í byrjun júní var farið í langþráða ferð til Vestmannaeyja. Veðrið lék því miður ekki við ferðalangana og því ekki hægt að fara í alla þá afþreyingu sem stefnt var að en engu að síður var ferðin mjög góð. Í október var okkur boðið að skoða sýningu í Ramma um veru varnarliðsins á Suðurnesjum og var sú heimsókn mjög vel heppnuð. Síðasta vinnudag fyrir jól var farið í ferð til Reykjavíkur þar sem farið var í axarkast og keilu. Í öllum ferðum hafa nemar Fjölsmiðjunnar sýnt mikla háttþrýði og verið rómaðir fyrir kurteisi og góða framkomu.

Samstarfsaðilar

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er í góðu sambandi og samstarfi við marga aðila. Helstu samstarfsaðilarnir eru félagsþjónusta Reykjanesbæjar, félagsþjónusta Suðurnesjabæjar og Voga og Vinnumálastofnun. Gott samstarf er við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Rauða krossinn og fleiri aðila. Forstöðumenn Fjölsmiðjanna á landinu hafa með sér óformlegt samstarf. Reglulega

fáum við gesti frá áhugasömum aðilum sem vinna á þessu sviði og vilja kynna sér hvernig við berum okkur að og sjá hvernig Fjölsmiðjan virkar.

Helstu styrktaraðilar Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru Vinnumálastofnun, Reykjanesbær, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar. Allir þessir aðilar leggja Fjölsmiðjunni til árlegt rekstrarfé. Þá hefur Fjölsmiðjan notið þess að fá árlega styrk frá VIRK.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Kalka hefur allt frá stofnun stutt ötullega við rekstur Fjölsmiðjunnar. Þessi stuðningur er svo sannarlega mikilvægur fyrir starfsemina og alls ekki sjálfsagður. Það að auki nýtur Fjölsmiðjan velvilja almennings sem gefur muni til Kompunnar auk þess sem aðrar gjafir berast reglulega frá vildarvinum.

Samantekt

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum fagnaði 10 ára starfsafmæli þann 17. mars með því að bjóða upp á kaffi, kakó og kökur á opnunartíma Kompunnar. Fjöldi gesta kom við og tóku nemarnir vel á móti þeim.

Áhugi fjölmiðla á starfsemi Fjölsmiðjunnar var mikill á árinu. Umfjöllun í sjónvarpi og dagblöðum kom vel út og bar þar hæst opnun og starfsemi reiðhjólaverkstæðisins.

Helstu verkefni ársins 2021 var að halda áfram uppbyggingu og þróun Fjölsmiðjunnar. Helsta áskorunin er að hafa verkefni sem henta þeim nemum sem starfa hjá okkur hverju sinni. Reiðhjólaverkstæðið eykur þessa fjölbreytni. Þá er sífellt verið að vinna að innanhúss breytingum og úrbótum og taka nemarnir fullan þátt í þeirri vinnu með verkstjórum. Fjölbreytni í starfsþjálfun er eitt af því sem sífellt þarf að vera í endurskoðun.

Nemahópurinn hefur verið að yngjast og kemur það helst til af því að meira er um snemmtæka íhlutun hjá félagsþjónustum svæðisins auk þess sem foreldrar eru upplýstir um starfsemi og kosti Fjölsmiðjunnar og leita þá fyrir að þessu úrræði fyrir börn sín. Afleiðingarnar af covid faraldrinum eru m.a. þær að fleiri hafa fallið í óvirkni og oft yngri en áður var. Verkefnið var því að virkja þessi ungmenni og finna þeim farveg.

Sú þróun sem hefur verið í menntun Fjölsmiðjunema hefur reynst farsæl og er samstarfið við menntastofnanir á svæðinu mjög gott sem og við þá ökukennara sem hafa sinnt nemunum okkar. Til þess að halda nemunum í námi þarf einnig gott utanumhald, aðstæður og aðstoð við námið sem Fjölsmiðjan leitast við að skapa. Þá er það þeim hvatning að námið verður hluti af vinnu þeirra.

Fjöldatakmarkanir og sóttvarnareglur settu sinn svip á árið og reyndu oft á þolrif og skilning en juku um leið umburðarlyndi og þjónustulund.

Styrkir hafa ekki aukist í samræmi við fastan kostnað og er það áhyggjuefni. Samningur við mennta- og barnamálaráðuneytið er laus og hefur verið undanfarin ár en hefur verið framlengdur með viðauka frá ári til árs. Vonir standa til að gerður verði nýr samningur þegar unnið verður að nýjum fjárlögum í ráðuneytinu.

Við slit Samvinnu fékk Fjölsmiðjan rausnarlegt framlag sem skipti miklu máli á síðasta ári.